

Erindi til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis vegna nýrra gagna sem sýna verklag framkvæmdavalds í tengslum við netsölu áfengis, sem nefndin hefur til skoðunar. Um tvennt er að ræða, annars vegar nýtt frumvarp um vefverslun á áfengi og hins vegar ný gögn frá dómsmálaráðuneytinu um verklag í tengslum við ítrekaðar fyrirspurnir Félags atvinnurekenda.

Nýtt frumvarp

Þann 30. september 2024 var birt frumvarp til breytinga á áfengislögum – vefverslun, í samráðsgátt stjórnvalda. <https://island.is/samradsgatt/mal/3834>

Í frumvarpinu er fjallað um innlenda vefverslun sem geti bæði verið í eigu innlendra eða erlendra lögaðila. Í frumvarpinu er staðfest að sú netsala sem fer fram innanlands í dag, af lager sem er staðsettur á Íslandi, er smásala og hún er ólögleg. Hún er ólögleg þegar eigandi verslunar er erlendur lögaðili. Hún er einnig ólögleg þegar eigandi verslunar er innlendur lögaðili.

Í frumvarpinu segir m.a.

„Aftur á móti gerir löggjöfin ekki ráð fyrir að heimilt sé að starfrækja sambærilegar innlendar vefverslanir vegna þess einkaleyfisfyrirkomulags sem til staðar er. Þrátt fyrir það er starfræktur fjöldi innlendra vefverslana, ýmist í eigu innlendra eða erlendra lögaðila. Með frumvarpinu er stefnt að því að heimila sölu áfengis í gegnum innlenda vefverslun og marka fyrirkomulaginu lagalegan ramma, svo sem um hvernig staðið er að leyfisveitingu, hvernig eftirliti skuli háttað og um sölu og afhendingu áfengis sem keypt er.“

„Þrátt fyrir að gildandi áfengislöggjöf heimili ekki rekstur innlendra áfengisvefverslana hefur nokkur fjöldi slíkra vefverslana fest í sessi á síðast liðnum árum. Þessar innlendu áfengisverslanir eiga það sameiginlegt að vera með lager og starfsmenn á Íslandi, þó að eigandi verslananna sé eftir atvikum erlendur eða innlendur lögaðili.“

„Með því er ætlunin að bregðast við þeirri stöðu að fjöldi innlendra vefverslana selur áfengi til íslenskra neytenda í smásölu þrátt fyrir að ekki sé mælt fyrir um slíka starfsemi í áfengislöggjöf.“

„Frumvarpinu er ekki ætlað að stuðla að aukinni neyslu áfengis heldur að leggja til nýtt fyrirkomulag að lögum og þannig marka lagalegan ramma um það fyrirkomulag sem nú er til staðar án heimildar.“

„Frumvarpinu er ekki ætlað að hrófla við hlutverki Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og felur ekki í sér beinar tillögur um breytingu á áfengisstefnu, áherslum í lýðheilsuáttum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði.“

Á einum stað í texta er farið með rangfærslu um óvissu að okkar mati miðað við annað innihald frumvarpsins (kannski gleymdist að taka þetta út úr eldri útgáfu).

„Verði ekkert aðhafst mun áfram ríkja óvissa um lögætti innlendra vefverslana með áfengi sem hvorki má telja ásættanlega stöðu fyrir hið opinbera né hinn almenna borgara.“

Að mati forvarnarsamtakanna hefur dómsmálaráðuneytið vitað mjög lengi að netsala eins og hún fer fram hérlandis hafi verið ólögleg. Eigi að síður hefur ráðherra ekkert gert árum saman til að sporna við ólöglegu athæfi. Slík vinnubrögð eru ámælisverð.

Varðandi vitneskju ráðuneytis og tímaramma skal rifjað upp að árið 2015 má sjá merki um samskipti ráðuneytisins við aðila utan þess um netsölu áfengis. Í svarbréfi ráðuneytisins stílað á Lögmenn Lækjargötu ehf. frá 4. desember 2015, undirritað af Hermanní Sæmundssyni og Þórunni J. Hafstein, er vísað til minnisblaðs lögmanna Lækjargötu dags. 21. ágúst 2015 varðandi það álitæfni hvort vefverslun með áfengi, hvort heldur í smásölu, heildsölu og umboðssölu gangi gegn einkaleyfi ÁTVR til sölu og afhendingu áfengis.

Í svarbréfinu tekur ráðuneytið fram að „„almennt verði að líta svo á að ákvæði laga nr. 75/1998 taki til verslunar með áfengi og tóbak, óháð því hvort um er að ræða vefverslun eða annað form verslunar.“ Þá er spurningum fyrirspyrjanda í öllum tilvikum svarað á þann hátt ..“að öðrum en ÁTVR er óheimilt að selja eða afhenda áfengi í smásölu.“ Í lok bréfs er hnykkt á þessu sbr. „Ef um er að ræða afhendingu áfengis í smásölu til neytenda þarf afhendingin að eiga sér stað fyrir tilstilli ÁTVR.“

Eins og rakið var í punktum sem fulltrúar forvarnarsamtaka afhentu stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd á fundi þann 18. september 2024 og finna má á foreldrasamtok.is, þá eru spurnir af því að til séu álit, jafnvel nokkur, í dómsmálaráðuneyti og jafnvel fjármála- og efnahagsráðuneyti sem sýni að netsalan sem fer fram á Íslandi sé ólögleg. Gögn hafi jafnvel farið á milli ráðuneytanna, en setið sé á þeim. Við teljum eðlilegt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd kalli eftir því hjá ráðuneytinu hvort slík gögn séu til. Því ef stjórnsýslan á til gögn samin innan ráðuneytis eða utan, þar sem færð eru rök fyrir því að netsalan sé ólögleg og lykilráðherrar hafi ekki brugðist við árum saman, eru það viðbótarrök um að vinnubrögð ráðherra hafi verið óeðlileg og óásættanleg í þessu máli.

Ný gögn frá dómsmálaráðuneytinu um verklag

Okkur hafa borist ný gögn frá dómsmálaráðuneytinu sem við teljum að nefndinni beri að skoða. Þau bárust okkur þann 25. september 2024 í kjölfar kæru okkar til Úrskurðarnefndar um upplýsingmál þann 10. september 2024. Kæran var reist á svarleysi dómsmálaráðuneytis við fyrirspurnum okkar frá 10. maí 2024 og ítrekun frá 30. júlí 2024.

„Vísað er til erindis þíns, dags. 10. maí 2024, þar sem óskað er upplýsinga um hvort dómsmálaráðuneytinu hafi borist erindi eða fyrirspurnir frá Félagi atvinnurekenda um svör um lögmæti fyrirkomulags netsölu áfengis á Íslandi þar sem þremur mismunandi útfærslum er lýst, auk afrita af erindunum og svara ráðuneytisins við þeim.

Dómsmálaráðuneytinu hafa borist erindi frá Félagi atvinnurekenda um lögmæti fyrirkomulags netsölu áfengis á Íslandi þar sem þremur mismunandi útfærslum er lýst. Afrit af erindunum eru hér í viðhengi, auk svars ráðuneytisins til Félags atvinnurekenda.“

Gögnin, sem eru rakin hér neðar, varpa ljósi á samskipti Félags atvinnurekenda, fjármála- og efnahagsráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

Þá er hér einnig vísað til annarra gagna sem mikilvæg eru þegar rakið er hvernig verklag og starfshætti ráðherra hafa sýnt varðandi fyrirkomulag netsölu áfengis á Íslandi. Forvarnarsamtökin telja gögnin sýna að ráðherrarnir hafi sýnt ámælisvert athafnaleysi og tómlæti á sínu málavíði. Þeir hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni og sýnt óeðlilega og óvandaða stjórnsýsluhætti í málinu.

Aðdragandi

Þann 20. mars 2024 óskuðu fulltrúar forvarnasamtaka eftir því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis tæki upp til skoðunar þá stöðu sem nú ríkir vegna svokallaðrar netsölu áfengis innanlands í ljósi þess að stjórnslan s.s. lykilráðherrar og lykilstofnanir hafi ekki brugðist við henni í árávís. Samtökin hafa leitað til fjölda aðila innan stjórnslunnar til að freista þess að fá málið skoðað án árangurs þar til okkur var bent á að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis er sérstaklega ætlað að kanna ákvarðanir einstakra ráðherra eða verklag þeirra sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þá getur nefndin fjallað um málefni Stjórnarráðsins í heild.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins kærði tvær netsölur 16. júní 2020 til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Málið hefur verið til skoðunar hjá embættinu í ríflega 4 ár og er enn í vinnslu.

Sökum viðbragðsleysis ráðherra um lögmæti netverslana hefur fjöldi netverslana hafið starfsemi og selt og afhent áfengi í smásölu beint til neytenda á nokkrum mínútum frá því að pöntun var gerð. Þessi staða hefði ekki komið til ef yfirvöld hefðu brugðist við. Nú síðast hóf öflug verslun með rótgróna stöðu á íslenskum matvörumarkaði, Hagkaup, áfengissölu innanlands. Stöðuna má kalla „villta vestrið“ svo gripið sé beint niður í erindi Félags atvinnurekenda til Jóns Gunnarssonar, innanríkisráðherra, frá 15. desember 2021 og getið er hér neðar.

Að okkar mati er netsalan eins og hún fer nú fram á Íslandi á skjön við lög. Nýlegt frumvarp dómsmálaráðherra sem var birt í samráðsgátt 30. september 2024 staðfestir það mat. Við höfum samt skilning á því að nefndin nýti ekki tíma sinn til að skoða lagalega stöðu sjálftrar netsölnnar.

Við teljum, óháð lagalegri stöðu netsölnnar, rétt og nauðsynlegt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd skoði ákvarðanir og verklag fjármála- og efnahagsráðherra og dómsmálaráðherra í ljósi þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ráðherrar bera ákveðnar skyldur á grunni þeirra laga sem undir þeirra málefnasvið heyrir s.s. um sölu áfengis. Ráðherrar hafa skyldur til að leiðbeina um réttaróvissu á sínu málefnasviði. Þeir hafa yfirstjórnar- og eftirlitsskyldur. Skoða verður hvort ákvarðanir og verklag ráðherranna, um að grípa ekki inn í ástandið heldur leyfa því að viðgangast og þannig skapa „villta vestrið“, hafi verið eðlilegt á þessum tíma m.a. í ljósi leiðbeiningar-, eftirlits- og yfirstjórnarskyldna.

Í stað þess að sinna skyldum sínum hafa ráðherrar ekkert gert. Þeir hafa ekki beitt því eftirliti sem þeim er unnt samkvæmt lögum að mati forvarnasamtakanna. Þeir hafa ekki svarað fyrirspurnum um málið og er þar nærtækast að benda á ítrekaðar fyrirspurnir Félags atvinnurekenda árið 2021. Ráðherrar hafa þannig vikið sér undan leiðbeiningarskyldu sinni.

Teljum við að nefndinni beri að hafa til hliðsjónar lög um um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 sem tilgreina að ráðherrar beri ábyrgð á málefnasviðum sínum. Séu mál alvarleg þá megi samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð nr. 4/1963 krefja ráðherra ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hafi orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hafi annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins eða önnur landslög.

Fjármála- og efnahagsráðherra

Fjármála- og efnahagsráðuneyti barst erindi Félags atvinnurekenda varðandi lögmæti netverslunar með áfengi og eyðingu óvissu í viðskiptum þar sem spurt er sérstaklega um lögmæti þriggja útfærslna á netverslun með áfengi. Erindið barst dags. 9. ágúst 2021 og svo ítrekun dags. 25. ágúst 2021.

Erindi Félags atvinnurekenda dags. 9. ágúst 2021 til fjármála- og efnahagsráðuneytis, stílað á Guðmund Árnason, ráðuneytisstjóra.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri
Arnarhvoli við Sölvhólsgötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. ágúst 2021

Efni: Lögmæti netverzlunar með áfengi og eyðing óvissu í viðskiptum

Að undanfögnu hafa hafið starfsemi hér á landi nokkrar netverzlanir með áfengi. Má nefna bjórland.is, sem selur innlendan bjór, Sante Wines, sem selur einkum innflutt áfengi en einnig innlendar vörur og Nýju vínbúðina, sem selur einnig innlendan bjór í bland við innflutt áfengi. Eftir því sem næst verður komið er Bjórland rekið á íslenskri kennitölu, Sante Wines á franskri og Nýja vínbúðin á brezkri. Í öllum tilvikum er varan þó send til neytenda úr innlendum vöruhúsum og afhendingartími er skammur, stundum innan við sólarhringur. Eftir því sem næst verður komið hafa yfirvöld ekki gripið inn í starfsemi þessara netverzlana.

Félagsmenn í Félagi atvinnurekenda, sem eru jafnt framleiðendur sem innflytjendur áfengis, sjá sér eðlilega ekki annað fært en að taka þátt í samkeppninni á þessum nýja markaði ef framhald verður á starfsemi netverzlananna. Sumir hverjir hafa þeir jafnframt fengið fyrirspurnir frá vefverzlunum, sem reknar eru á erlendri kennitölu, um viðskipti. Umrædd fyrirtæki hafa þó verið hikandi að taka þátt í þessum viðskiptum, ekki sízt vegna þess að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins (sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið) hefur gengið fram af talsverðri hörku gegn hinum nýju keppinautum með kærnum til löggæzlu- og skattayfirvalda.

Að mati FA er nauðsynlegt, ekki sízt vegna þessarar framgöngu undirstofnunar fjármála- og efnahagsráðuneytisins, að ráðuneytið skýri þær reglur sem um netverzlanir með áfengi gilda og stuðli þannig að öryggi og fyrirsjáanleika í viðskiptum.

Í þættinum Dagmálum, sem birtist á mbl.is hinn 21. júlí síðastliðinn og einnig var greint frá í Morgunblaðinu sama dag, lýsti Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra því mati sínu að netverzlanir með áfengi störfuðu „innan ramma EES-samstarfsins.“ Jafnframt sagðist hann eiga erfitt með að sjá að netverzlun með áfengi stangaðist á við lög og að hann fagnaði netverzlun með áfengi, hún væri frábær viðbót.

Að mati FA er nauðsynlegt, með vísan til framangreindra sjónarmiða um öryggi og fyrirsjáanleika í viðskiptum, að ráðuneytið veiti með formlegum hætti skýr svör um það hvort mat ráðherrans sé mat stjórnsýslunnar.

Í ljósi framangreinds beinir FA eftirfarandi spurningum til ráðuneytisins:

- 1) Er netverzlun áfengisframleiðenda með staðfestu á Íslandi, líkt og fer fram á bjórland.is, í samræmi við lög?

- 2) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í öðru EES-ríki, sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?
- 3) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins (t.d. Bretlandi) sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?

Svara við þessum spurningum er óskað innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa, enda eru umtalsverðir hagsmunir í húfi. Telji fjármála- og efnahagsráðuneytið önnur ráðuneyti betur til þess fallin að svara þessum einföldu spurningum mælist FA eindregið til þess að erindi þetta verði áframsent með hraði og afgreitt fljótt og vel. Eins og áður segir hafa félagsmenn FA áhuga á að taka þátt í þeirri samkeppni sem hafin er í netverzlun með áfengi, en telja mikilvægt að hafa vissu fyrir því að þeir starfi innan ramma laga og reglna og eigi ekki von á inngripum stjórnvalda.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Ítrekunarerindi Félags atvinnurekenda dags 25. ágúst 2021 til fjármála- og efnahagsráðuneytis, stílað á Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri
Arnarhvoli við Sölvhólsgötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. ágúst 2021

Efni: Ítrekun á erindi um lögmæti netverzlunar með áfengi og eyðingu óvissu í viðskiptum

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til erindis síns til ráðuneytisins 10. ágúst síðastliðinn, en þar var farið fram á svör við þremur einföldum spurningum um lögmæti netverzlunar með áfengi, sem stunduð hefur verið hér á landi að undanförunu. Í ljósi þeirra verulegu hagsmuna félagsmanna FA, sem um er að tefla, óskaði félagið svara ráðuneytisins innan tveggja vikna frá dagsetningu erindisins. Svör hafa ekki borizt.

Í þessu máli er sú afar sérkennilega staða uppi, eins og rakið var í fyrra erindi FA, að fjármála- og efnahagsráðherra segir að netverzlun með áfengi sé lögleg en undirstofnun ráðuneytisins, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, er á öðru máli og hefur kært netverzlanir til löggæzlu- og skattayfirvalda. Jafnt fyrir ný fyrirtæki, sem vilja hasla sér völl á þessum markaði, og fyrir núverandi innflytjendur og framleiðendur áfengis, sem telja sér ekki annað fært en að bregðast við nýrri samkeppni, er óvissa í þessum efnum afar bagaleg.

Hér skal fyrra erindi FA til ráðuneytisins því ítrekað og farið fram á skýr svör við þeim spurningum, sem félagið hefur sett fram. Jafnframt er gerður sá fyrirvari, líkt og í fyrra erindi, að telji ráðuneytið sig einhverra hluta vegna ekki rétta stofnun innan stjórnarsýslunnar til að svara þessum spurningum, geri það gangskör að því að áframsenda erindið og afla svara fljótt og vel til að tryggja öryggi og fyrirsjáanleika í viðskiptum. Ekki er úr vegi að minna ráðuneytið á 1. mgr. 7. gr. stjórnarsýslulaga, um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, og 2. mgr. sömu greinar, um skyldu stjórnvalda til að áframsenda erindi svo fljótt sem unnt er.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Erindi dómsmálaráðuneytis 27. ágúst 2021 til fjármála- og efnahagsráðuneytis (sent FA einnig)



Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 27. ágúst 2021
Tilv.: FJR21080030/6.1

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi Félags atvinnurekenda, dags. 9. ágúst 2021, ásamt ítrekun, dags. 25. ágúst 2021. Erindið varðar lögmæti netverslunar með áfengi og eyðingu óvissu í viðskiptum.

Með vísan til 2. mgr. 7. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum, er meðfylgjandi erindi sent dómsmálaráðuneytinu, sem fer með áfengislög, nr. 75/1998, til þóknanlegrar meðferðar.

Fyrir hönd ráðherra


Helga Jónsdóttir


Steinar Örn Steinarsson

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins er málið fært yfir til dómsmálaráðuneytis á grunni 2. mgr. 7. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, en hún segir „Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.“

Forvarnarsamtök gera athugasemdir við að fjármála- og efnahagsráðuneyti vísi málinu alfarið frá sér yfir til annars ráðuneytis í ljósi þess að a) fjármála- og efnahagsráðherra fer með lög um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 þar sem segir í 3. gr. „[Ráðherra] ¹⁾ fer með yfirstjórn á smásölu áfengis og heilsölu tóbaks og framkvæmd laga þessara.“

Og b) fjármála- og efnahagsráðherra fer með og hefur einnig eftirlitsheimildir á grunni skatta- og tolla á grunni áfengislaga nr. 75/1998 samkvæmt 4. gr. „Lögregla, tollgæsla og skattyfirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum. ... ²⁾“

Fjármála- og efnahagsráðherra stöðvar málaferli ÁTVR og beitir ekki eftirlitsskyldu

Í máli þessu er stundum vitnað til þess er ÁTVR sótti mál gegn netsölum fyrir dóm á sínum tíma. Niðurstaða Héraðsdóms þann 18. mars 2022 var sú að málatilbúnaðurinn var haldinn annmörkum og var málinu því vísað frá.

<https://www.heradsdomstolar.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=3e5ff1c0-8cf8-4bd8-a1c1-a9f1ffb0e66e>

Í kjölfarið ákvað fjármála- og efnahagsráðherra Bjarni Benediktsson að stöðva málareksturinn með því að kveðast ekki sjá ástæðu til þess að áfrýja úrskurði Héraðsdóms til Landsréttar. Vísaði hann til dómsmálaráðuneytis varðandi skoðun á löggjöfinni í stað þess að grípa frekar inn í þessa atburðarrás.

https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2022/03/22/ser_ekki_astaedu_til_ad_kaera_i_malum_atvr/

Í stað þess að standa með ÁTVR sem undir ráðherra heyrði kaus ráðherra að gera ÁTVR umboðslaust. Þannig stöðvaði ráðherra að láta á málið reyna fyrir Landsrétti. Vísaði því með almennum hætti til annars ráðherra, dómsmálaráðherra. Að mati forvarnarsamtaka sýndi ráðherra þannig tómlæti og vanrækslu gagnvart málaflokki sem undir hann heyrir.

Í svari dómsmálaráðuneytis til forvarnarsamtaka þann 22. apríl 2024 sem varða athafnaskyldu ráðherra er einmitt vísað til þessarar niðurstöðu á eftirfarandi hátt.

„Um sölu áfengis gilda bæði áfengislög nr. 75/1998 og lög 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Vegna þeirrar netsölu sem vísað er til í erindinu hefur áfengis- og tóbaksverslun ríkisins höfðað dómsmál á hendur tveimur fyrirtækjum. Málunum var vísað frá héraðsdómi og hefur hvorki ÁTVR né fjármálaráðherra hafst frekar að, eftir því sem næst verður komist.“

Þá telja forvarnarsamtök að fjármála- og efnahagsráðherra hafi látið hjá líða að sinna eftirlitsskyldu sinni til marga ára því samkvæmt 4 gr. áfengislaga hefur hann eftirlitsskyldu í gegnum tollgæslu og skattayfirvöld. „Lögregla, tollgæsla og skattayfirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum. ...“²⁾

Ekki er að sjá að ráðherra hafi beitt því eftirliti sem undir hann fellur. Er það ámælisvert.

Dómsmálaráðherra

Eins og fyrr er rakið sendi Félag atvinnurekenda erindi um lögmæti netverslunar með áfengi til fjármála- og efnahagsráðherra 9. ágúst 2021, ítrekun 25. ágúst 2021 og fékk svar frá FJR um að ráðuneytið hefði framsent erindið til dómsmálaráðuneytis 27. ágúst „til þóknarlegrar meðferðar“.

Erindi Félags atvinnurekenda þann 5. október 2021, stílað á Hauk Guðmundsson ráðuneytisstjóra.

Dómsmálaráðuneytið
Haukur Guðmundsson ráðuneytisstjóri
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. október 2021

Efni: Ítrekun á erindi um lögmæti netverzlunar með áfengi og eyðingu óvissu í viðskiptum

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til fyrri erinda sinna til fjármálaráðuneytisins, dags. 9. og 25. ágúst sl. og bréfs fjármálaráðuneytisins dags. 27. ágúst, þar sem erindin voru áframsend dómsmálaráðuneytinu „til þóknarlegrar meðferðar“, í samræmi við 2. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga.

Hér skal þess getið til upprifjunar, að erindi FA til stjórnarráðsins fjallar um það sérkennilega óvissuástand, sem nú er uppi á áfengismarkaði. Brýnt er að ráðuneytið svari erindinu í þágu öryggis og fyrirsjáanleika í viðskiptum.

Undanfarið hafa verið starfandi hér á landi netverzlanir, sem reknar eru með mismunandi sniði eins og rakið var í upphaflegu erindi FA. Þar kom fram að eftir því sem næst yrði komið hefðu yfirvöld ekki gripið inn í starfsemi þessara netverzlana. Samkvæmt þeim upplýsingum sem síðan hafa komið fram hefur Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, undirstofnun fjármálaráðuneytisins, kært netverzlanir í tvígang til lögreglu og tilkynnt starfsemi þeirra til sýslumanns, auk þess að kæra a.m.k. eina netverzlun til embættis ríkisskattstjóra, í þeim tilgangi að stöðva starfsemi þeirra.

Þessi yfirvöld hafa ekki aðhafzt neitt til að stöðva starfsemi umræddra fyrirtækja. Af því verður varla dregin önnur ályktun en sú að þau telji starfsemina innan ramma laga og reglna.

Framferði ÁTVR í málinu er hins vegar augljóslega til þess fallið að skapa óvissu og fæla fyrirtæki frá þátttöku á þessum nýja markaði, enda er það væntanlega tilgangurinn. Eftir að FA sendi ítrekun á erindi sínu til fjármálaráðuneytisins hefur hin opinbera stofnun höfðað einkamál á hendur a.m.k. tveimur netverzlunum með áfengi og krafist þess að þeim verði gert að hætta starfsemi, að viðlögdum dagsektum, auk þess sem ríkisstofnunin krefst bóta úr hendi fyrirtækjanna. Hér virðist ÁTVR hafa tekið sér eftirlitshlutverk á áfengismarkaðnum og er stofnunin þá komin langt út fyrir það hlutverk sem henni er markað lögum samkvæmt. Fjármálaráðuneytið, sem ÁTVR heyrir beint undir, hefur engu að síður ekki séð ástæðu til að grípa inn í þessa vegferð stofnunarinnar.

Eins og bent hefur verið á í fyrri erindum til stjórnarráðsins er þetta óvissuástand óþolandi fyrir fyrirtæki sem starfa á áfengismarkaðnum eða horfa til þess að hasla sér þar völl. Innan raða FA eru bæði fyrirtæki sem hafa hug á að koma ný inn á vaxandi markað netverzlunar með áfengi og fyrirtæki sem hafa um árabil flutt inn og/eða framleitt áfengi og sjá sér ekki annan kost en að bregðast við þeirri nýju samkeppni, sem að sjálfsögðu felst í netsölu áfengra drykkja. Í báðum tilvikum vilja félagsmenn FA hins vegar hafa vissu fyrir því að taki þeir upp netsölu áfengis sé sú starfsemi innan ramma laga og reglna.

Í tilviki þeirra félagsmanna FA, sem fyrir eru á áfengismarkaðnum, hefur rekstur hinna nýju netverzlana í einhverjum tilvikum þýtt missi viðskipta, sem getur verið umtalsverður. Frá sjónarhóli

Þessara fyrirtækja virðast þeir, sem eru reiðubúnir að starfa við lagalega óvissu, hafa samkeppnisforskot á fyrirtæki sem vilja ekki hætta orðspori sínu eða fjármunum til að hefja starfsemi sem mun nánast örugglega hafa í för með sér kærur og málsóknir frá stofnun á vegum hins opinbera.

Í upphaflegu erindi til fjármálaráðuneytisins 9. ágúst var þess farið á leit að ráðuneytið svaraði spurningum FA um lögmæti netverzlunar með áfengi innan tveggja vikna, enda væru umtalsverðir hagsmunir í húfi. Dómsmálaráðuneytið hefur nú haft málið til meðferðar í fimm vikur án þess að nokkur svör hafi borizt. FA ítrekar að þetta ástand er afar bagalegt fyrir fyrirtæki sem starfa á áfengismarkaðnum eða hyggjast hefja netverzlun með áfengi. Að mati félagsins er útilokað að gefa þessum fyrirtækjum þau svör að þau verði að bíða niðurstöðu þeirra málaferla sem ÁTVR stendur nú fyrir, enda geta þau tekið einhver ár.

Ekki ætti að þurfa að minna ráðuneytið á þá ótvíræðu leiðbeiningarskyldu sem það ber skv. 1. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga: „Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.“

Í ljósi framangreinds ítrekar FA upphaflegar spurningar sínar, settar fram í bréfi til fjármálaráðuneytisins fyrir átta vikum:

- 1) Er netverzlun áfengisframleiðanda með staðfestu á Íslandi í samræmi við lög?
- 2) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í öðru EES-ríki, sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?
- 3) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins (t.d. Bretlandi) sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?

Svara við þessum spurningum er óskað innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa, enda eru umtalsverðir hagsmunir í húfi og áframhaldandi óvissa veldur hópi fyrirtækja æ meira tjóni. Eins og áður segir hafa félagsmenn FA áhuga á að taka þátt í þeirri samkeppni sem hafin er í netverzlun með áfengi, en telja mikilvægt að hafa vissu fyrir því að þeir starfi innan ramma laga og reglna og eigi ekki von á inngripum stjórnvalda. Þeir eiga skýlausan rétt á leiðbeiningu ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Svar dómsmálaráðuneytis þann 8. október 2021 til Félags atvinnurekenda, stílað til Ólafs Stephensen framkvæmdastjóra FA.



Félag atvinnurekenda
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA
Kringlunni 7
103 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 8. október 2021
Tilv.: DMR21080167/10.17.0

Ráðuneytið vísar til erindis yðar, f.h. Félags atvinnurekenda, dags. 9. ágúst 2021, varðandi lögmæti netverslunar með áfengi. Erindið ásamt ítrekun, dags. 25. ágúst 2021, var framsent ráðuneytinu til meðferðar frá fjármálaráðuneytinu þann 27. ágúst 2021. Í erindinu óskið þér svara um hvort netverslun með áfengi sé í samræmi við lög og tilgreinið nánar þrjú tilvik sem þér óskið svara um.

Samkvæmt forsetaúrskurði nr. 119/2018 heyra áfengismál undir dómsmálaráðuneytið, að því leyti sem þau heyra ekki undir önnur ráðuneyti. Áfengismál eru því ekki einungis á forræði dómsmálaráðuneytisins heldur heyra þau einnig undir fjármála- og efnahagsráðuneytið hvað varðar m.a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og heilbrigðisráðuneytið hvað varðar áfengis- og vímuvarnir.

Áfengislög nr. 75/1998 heyra undir dómsmálaráðuneytið og hafa ákveðið samspil við lög nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Áfengislögin nr. 75/1998 byggja að miklu leyti á eldri áfengislögum frá árinu 1969 og hafa tekið litlum efnislegum breytingum í gegnum tíðina. Færa má rök fyrir því að lögin hafi ekki þróast í takt við þá samfélagslegu þróun sem orðið hefur á undanförunum árum og á það einnig við um breytt mynstur verslunar, þá sérstaklega hvað varðar netverslun, innlenda sem erlenda. Þá hefur orðið mikil gróska í innlendri framleiðslu sem vart þekktist við gildistöku laganna. Á undanförunum árum hafa komið upp ýmis álitaefni sem hafa bent til þess að mikilvægt sé að ráðast í heildarendurskoðun á áfengislögum til að þau endurspegli breytta þróun á sviði verslunar og framleiðslu áfengis hér á landi. Þrátt fyrir að lögin kunni að vera takmörkuð hvað varðar ýmis álitaefni er þó skýrt tekið fram að starfsemi sem snýr að innflutningi, heildsölu, smásölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni sé leyfisskyld hér á landi samkvæmt 1. mgr. 3. gr., sbr. 4. gr. laganna.

Smásala áfengis er nú einungis heimil Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem hefur einkaleyfi til slíkrar starfsemi samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Í síðastnefndum lögum er ítarlega fjallað um einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins ásamt hlutverki og verkefnum verslunarinnar. Er enn fremur skýrt markmið laganna að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð.

Dómsmálaráðherra vann á árinu 2020 frumvarp um breytingar á áfengislögum sem var m.a. ætlað að lögfesta heimild til reksturs innlendra vefverslana með áfengi í smásölu til neytenda. Frumvarpið var lagt fyrir ríkisstjórn en náði ekki fram að ganga. Það var mat dómsmálaráðherra að þörf væri á

breytingum á áfengislögum til að heimila innlenda netverslun að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Að lokum tekur ráðuneytið fram að leiðbeiningaskylda þess nær almennt ekki til lögskýringa í tengslum við öll þau lagalegu álitæfni sem kunna að rísa á grundvelli laga sem undir ráðuneytið heyrir. Séu uppi vafaatriði um túlkun laga við afgreiðslu einstakra mála, sem eftir atvikum geta verið til meðferðar hjá viðeigandi eftirlitsstjórnvöldum, verða þau stjórnvöld sem um þau fjalla að taka afstöðu til þeirra og að endingu er það dómstóla að skera úr um ágreining sem kann að vera uppi.

Fyrir hönd ráðherra



Haukur Guðmundsson



Hinrika Sandra Ingimundardóttir

Erindi Félags atvinnurekenda til dómsmálaráðuneytis 12. október 2021, stílað á Hauk Guðmundsson ráðuneytisstjóra.

Dómsmálaráðuneytið
Haukur Guðmundsson ráðuneytisstjóri
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2021

Efni: Lögmati netverzlunar með áfengi og eyðingu óvissu í viðskiptum

Félag atvinnurekenda (FA) þakkar svar ráðuneytisins, dags. 8. október sl., við fyrri erindum sínum dags. 9. og 25. ágúst og 5. október sl.

Til upprifjunar skal þess getið að FA spurði ráðuneytið þriggja spurninga:

- 1) Er netverzlun áfengisframleiðanda með staðfestu á Íslandi í samræmi við lög?
- 2) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í öðru EES-ríki, sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?
- 3) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins (t.d. Bretlandi) sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?

Ekki verður annað ráðið af texta bréfs ráðuneytisins en að spurningu 1 sé svarað neitandi, með því að dómsmálaráðherra hafi talið þörf á lagabreytingu til að heimila innlenda netverzlun með áfengi. Svar við hinum tveimur spurningunum finnst ekki í bréfinu og leyfir FA sér því að ítreka þær við ráðuneytið, á grundvelli þeirra sjónarmiða sem sett voru fram í fyrri erindum, um mikilvægi fyrirsjáanleika og öryggis í viðskiptum.

Óvissan, sem þessi mál eru í, er einkar bagaleg fyrir félagsmenn FA, bæði þá sem hugsa sér til hreyfings á áfengismarkaðnum og þá sem hafa starfað þar um lengri tíma. Í því samhengi verður að ítreka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda þegar að því kemur að aðstoða borgarana við að átta sig á þeim almennu leikreglum sem gilda í samfélaginu. Þá verður að undirstrika að hér er ekki um það að ræða að verið sé að biðja ráðuneytið að leysa úr ágreiningi eða úrskurða um gildi laga gagnvart stjórnarskrá. Dæmi þess að stjórnvöld gefi út leiðbeiningar um gildi laga og hvernig borgararnir geti hagað sér innan ramma þeirra eru fjölmörg enda er slíkt í samræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti. Að láta stórar atvinnugreinar vaða í reyf og svælu í lagalegri óvissu án þess að vísa þeim leið er hins vegar dæmi um hið gagnstæða.

Félagið fagnar aftur á móti þeirri afstöðu ráðuneytisins, sem fram kemur í svarinu, að áfengislögin hafi ekki þróast í takt við þá samfélagslegu þróun sem átt hafi sér stað undanfarin ár. FA tekur undir þau sjónarmið sem ráðuneytið setur fram varðandi breytt mynztur verzlunar, sérstaklega innlendar og erlendar netverzlunar, og hina miklu grózkunni í innlendra áfengisframleiðslu á undanförunum árum. FA tekur sömuleiðis heils hugar undir þá ályktun ráðuneytisins, að á undanförunum árum hafi komið upp ýmis álitaefni sem bendi til að mikilvægt sé að ráðast í heildarendurskoðun á áfengislögum til að þau endurspegli breytta þróun á sviði verzlunar og framleiðslu áfengis hér á landi.

Þetta sjónarmið hefur Félag atvinnurekenda einmitt ítrekað sett fram, í umsögnum til Alþingis og ráðuneytisins, um þingmannafrumvörp, frumvarpsdrög ráðuneytisins og stjórnarfrumvarp

dómsmálaráðherra sem átt hafa það sameiginlegt að kveða á um breytingar á afmörkuðum hlutum áfengismarkaðarins, í stað þess að horfa til heildarmyndarinnar. FA hefur lagt áherzlu á að samhliða breyttu sölufyrirkomulagi, þar sem einkaaðilum er leyft að selja áfengi í smásölu, verði bannað við áfengisauglýsingum afnumið, enda er það orðið orðin tóm og nær engan veginn tilgangi sínum. Um leið yrðu settar reglur um hvernig áfengisauglýsingar yrðu úr garði gerðar. FA hefur ennfremur lagt áherzlu á að samhliða þessum breytingum yrði ákvæðum laga um innheimtu áfengisgjalds breytt og má í því efni m.a. vísa til erindis félagsins til ráðuneytisins dags. 23. marz 2020 og fylgiskjals með því erindi.

FA og félagsmenn þess lýsa sig reiðubúin að taka þátt í slíkri heildarendurskoðun á lagarammanum um sölu, markaðssetningu og gjaldtöku af áfengi ásamt ráðuneytinu og öðrum hagsmunaaðilum. Félagið telur sig hafa þar mikilvægri þekkingu, sjónarmiðum og gögnum að miðla. Í ljósi hinnar óvissu stöðu á áfengismarkaðnum telur félagið brýnt að þessi vinna hefjist sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Erindi Félags atvinnurekenda til dómsmálaráðuneytis 15. desember 2021, stílað á Hauk Guðmundsson ráðuneytisstjóra.

Dómsmálaráðuneytið
Haukur Guðmundsson ráðuneytisstjóri
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2021

Efni: Lögmæti netverzlunar með áfengi og eyðingu óvissu í viðskiptum - ítrekun

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til erindis síns til ráðuneytisins 12. október sl. Þar var ríft upp að félagið hefði áður spurt ráðuneytið þriggja spurninga (sbr. erindi félagsins dags. 9. og 25. ágúst og 5. október sl.):

- 1) Er netverzlun áfengisframleiðanda með staðfestu á Íslandi í samræmi við lög?
- 2) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í öðru EES-ríki, sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?
- 3) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins (t.d. Bretlandi) sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?

Af svarbréfi ráðuneytisins dags. 8. október sl. mátti ráða að spurningu 1 væri svarað neitandi, með því að dómsmálaráðherra hefði talið þörf á lagabreytingu til að heimila innlenda netverzlun með áfengi.

Svar við hinum tveimur spurningunum fannst ekki í bréfinu. Þrátt fyrir ítrekun í bréfi FA 12. október hafa frekari svör ekki borizt. FA leyfir sér því að ítreka síðari tvær spurningarnar enn á ný, á grundvelli þeirra sjónarmiða sem sett voru fram í fyrri erindum, um mikilvægi fyrirsjáanleika og öryggis í viðskiptum.

Óvissan, sem þessi mál eru í, er einkar bagaleg fyrir félagsmenn FA, bæði þá sem hugsa sér til hreyfings á áfengismarkaðnum og þá sem hafa starfað þar um lengri tíma. Í því samhengi verður að ítreka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda þegar að því kemur að aðstoða borgarana við að átta sig á þeim almenna leikreglum sem gilda í samfélaginu. Þá verður að undirstrika að hér er *ekki* um það að ræða að verið sé að biðja ráðuneytið að leysa úr ágreiningi eða úrskurða um gildi laga gagnvart stjórnarskrá. Dæmi þess að stjórnvöld gefi út leiðbeiningar um gildi laga og hvernig borgararnir geti hagað sér innan ramma þeirra eru fjölmörg enda er slíkt í samræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti. Að láta stórar atvinnugreinar vaða í reyk og svælu í lagalegri óvissu án þess að vísa þeim leið er hins vegar dæmi um hið gagnstæða.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Hús verslunarinnar | 103 Reykjavík | Sími 588 8910

Erindi Félagi atvinnurekenda til dómsmálaráðuneytis 15. desember 2021, stílað á Jón Gunnarsson innanríkisráðherra.

Dómsmálaráðuneytið
Jón Gunnarsson innanríkisráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2021

Efni: Heildarendurskoðun á áfengislögum – ósk um fund með ráðherra

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til bréfs ráðuneytisins frá 8. október sl. Þar var rakið að núverandi áfengislög, frá 1998, byggðu að verulegu leyti á eldri lögum frá 1969 og hefðu tekið litlum efnislegum breytingum í gegnum tíðina. „Færa má rök fyrir því að lögini hafi ekki þróast í takt við þá samfélagslegu þróun sem orðið hefur á undanförunum árum og á það einnig við um breytt mynstur verslunar, þá sérstaklega hvað varðar netverslun, innlenda sem erlenda. Þá hefur orðið mikil gróska í innlendra framleiðslu sem vart þekktist við gildistöku laganna,“ sagði í bréfi ráðuneytisins. „Á undanförunum árum hafa komið upp ýmis álitæfni sem hafa bent til þess að mikilvægt sé að ráðast í heildarendurskoðun á áfengislögum til að þau endurspegli breytta þróun á sviði verslunar og framleiðslu áfengis hér á landi.“

FA vísar jafnframt til svarbréfs síns frá 12. október sl., þar sem FA lýsti sig reiðubúið að taka þátt í slíkri heildarendurskoðun á lagarammanum um sölu, markaðssetningu og gjaldtöku af áfengi ásamt ráðuneytinu og öðrum hagsmunaaðilum. Ekki hafa borizt viðbrögð frá ráðuneytinu við því erindi.

Félagið telur virðingarvert að á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sé boðað frumvarp ráðherra um að áfengisframleiðendum verði í ákveðnum tilvikum heimilað að selja á framleiðslustað eigin framleiðslu í neytendaumbúðum, til neyzlu annars staðar. Eins og fram kom í umsögn félagsins um frumvarp sama efnis, sem lagt var fram á síðasta þingi, telur það þó heimildina, eins og hún var útfærð þar, alltof þrönga og frumvarpið að ýmsu leyti gallað. FA telur afar mikilvægt að ráðuneytið horfi vítt á áfengismarkaðinn.

Ein meginástæða þess að heildarendurskoðun á áfengislögum er nauðsynleg, er að þróun samskiptatækni og verzlunarháttanna hefur holað að innan boð og bönn áfengislaganna, þannig að þau eru að verulegu leyti orðin marklaus.

Leiðir framhjá einkarétti ríkisins á smásölu áfengis og réttaróvissa

Þannig hefur íslenska ríkið í orði kveðnu einkarétt á smásölu áfengis, en æ fleiri leiðir hafa orðið til framhjá þeim einkarétti, án þess að stjórnvöld hafi gripið inn í – og raunar án þess að almennu siðferði eða réttarvitund virðist með nokkrum hætti misboðið.

Árum saman hafa íslenskir neytendur getað pantað sér áfengi með löglegum hætti frá netverzlunum sem staðsettar eru í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Á undanförunum misserum hafa svo sprottið upp netverzlanir með áfengi, reknar af innlendum aðilum. Í hinum nýju netverzlunum er fyrirkomulagið a.m.k. af þrennum toga. Í fyrsta lagi eru vefverzlanir reknar á íslenskri kennitölu (t.d. bjorland.is), í öðru lagi á kennitölu fyrirtækis í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins (t.d. sante.is) og í þriðja lagi á kennitölu fyrirtækis í ríki utan EES (t.d. nyjavinbudin.is). Í öllum tilvikum er varan afhent

til neytenda úr vöruhúsi á Íslandi og afgreiðslutími oft skammur. Þrátt fyrir ítrekaðar kærur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins (ÁTVR) hafa löggæzlu- og skattayfirvöld ekki gripið inn í þessa starfsemi.

Félagsmenn FA hafa sýnt því áhuga að starfrækja netverzlunir með áfengi. Sumir vegna þess að þeir telja nauðsynlegt að bregðast við þeirri samkeppni, sem felst í sölu áfengis á netinu, en aðrir hafa hug á að koma nýir inn á áfengismarkaðinn og sjá tækifæri í því að þurfa ekki að sæta flóknum reglum og skilmálum ÁTVR um hvernig koma megi vörum í sölu. Fyrirtækin hafa viljað fá vissu fyrir því að þau starfi innan ramma laga og reglna, ekki sízt vegna kæra og málshöfðana ÁTVR á hendur netverzlunum. FA sendi því fjármála- og dómsmálaráðuneyti ítrekaðar fyrirspurnir um lögmæti ofangreindra þriggja birtingarmynda netverzlunar (9. og 25. ágúst og 5. október sl.) en fékk einungis skýrt svar við einni spurningu í áður nefndu bréfi ráðuneytisins 8. október; ráðuneytið telur samkvæmt því innlenda netverzlun ekki heimila að óbreyttum lögum.

Með áður nefndu erindi 12. október sl. ítrekaði FA spurningar sínar og rökstuddi af hverju ráðuneytinu bæri skylda til að svara þeim, en hefur ekki fengið svör. Óvissan, sem þessi mál eru í, er einkar bagaleg fyrir félagsmenn FA, bæði þá sem hugsa sér til hreyfings á áfengismarkaðnum og þá sem hafa starfað þar um lengri tíma. Núverandi óvissa þýðir að fyrirtæki, sem eru reiðubúin að taka áhættu og láta reyna á lagarammann, fá samkeppnisforskot á þau sem vilja hafa fullvissu fyrir því að þau fari að lögum. FA mun senda ráðuneytinu annað erindi, þar sem félagið ítrekar óskir sínar um skýr svör við áður fram settum spurningum um lögmæti netverzlunar. Sé raunin sú að ráðuneytið treysti sér ekki til að svara skýrt, liggur í augum uppi að tilefnið til þess að gera gangskör að endurskoðun löggjafarinnar er afar brýnt, þannig að eyða megi óvissu og tryggja öryggi í viðskiptum.

Önnur leið framhjá einkaréttinum er bein sala brugghúsa til neytenda. Þrátt fyrir að lagaheimild skorti er það opinbert leyndarmál að mörg smærri brugghús selja gestum sínum áfengi í neytendaumbúðum til neyzlu annars staðar. Þá er hægt að kaupa áfengan bjór á þjóðvegaveitingastöðum á allnokkrum stöðum úti um land og hafa með sér óopnaðan athugasemdalaust.

Þriðja leiðin framhjá áfengiseinkasölunni eru svokallaðir vín- eða smökkunarklúbbar, þar sem meðlimir kaupa í smásölu af innflytjendum vín, sem aldrei fara um sölukerfi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.

Við ofangreinda starfsemi gera þar til bær stjórnvöld engar athugasemdir. Af upptalningunni má ráða að bann áfengislaga við því að aðrir en ríkið selji áfengi í smásölu er orðið býsna götött.

Leiðir framhjá auglýsingabanni

Sömuleiðis er það svo að samkvæmt orðanna hljóðan banna áfengislög áfengisauglýsingar. Allir vita þó að það bann heldur ekki í raun. Áfengisauglýsingar eru fyrir augum Íslenskra neytenda daglega; í erlendum blöðum og tímaritum sem seld eru hér á landi, á íþróttaviðburðum sem sjónvarpað er beint hér á landi og á alþjóðlegum samfélagsmiðlum og vefsíðum.

Þeir, sem fyrst og fremst tapa á auglýsingabanni áfengislaganna, eru tveir hópar fyrirtækja. Annars vegar innlendir áfengisframleiðendur, sem ekki geta auglýst vörur sínar í innlendum miðlum nema þá með óbeinum hætti með því að auglýsa sömu vörumerki án áfengisinnihalds eða innan við 2,25% styrkleika. Hins vegar eru það innlendir fjölmiðlar sem njóta ekki tekna af áfengisauglýsingum

innlendra aðila á áfengismarkaði. Þeir síðarnefndu skipta fremur við hina alþjóðlegu samfélagsmiðla, sem njóta þá teknanna. Þetta er fráleit staða.

Til hvaða þátta þarf endurskoðun að ná?

Sá veruleiki, sem lýst er hér að framan, þýðir að engar reglur eru til um starfsemi, sem engu að síður þrífst og fer fram fyrir opnum tjöldum. Þannig eru engar reglur til um netverzlun með áfengi, t.d. hvernig viðskiptavinir auðkenna sig og sanna aldur sinn eða hver afhendingarfrestur er eftir að viðskipti hafa farið fram. Engar reglur eru heldur til um áfengisauglýsingar, hvernig þær skuli úr garði gerðar eða að hverjum þær megi beinast, vegna þess að löggjöfin gengur út frá því að þær séu ekki til. Að mati FA er ábyrgðarluti af hálfu stjórnvalda að leyfa þessu ástandi að viðgangast. Út frá lýðheilsu- og forvarnasjónarmiðum, sem oft er haldið á lofti í umræðu um áfengismarkaðinn, er miklu vænlegra að leyfa starfsemina með afdráttarlausum hætti og setja um leið um hana skýrar og skynsamlegar reglur. Núverandi ástand má helzt kenna við villta vestrið.

Augljóst er, að mati FA, að áfengislögin hafa ekki fylgt tækni- og samfélagsþróun og eru á marga lund úrelt. Það að ýmis starfsemi fari fram í beinni andstöðu við ákvæði laganna er augljóslega óheppilegt og sízt til þess fallið að ýta undir virðingu borgaranna fyrir lögum í landinu. Stjórnvöld og löggjafinn ættu ævinlega, einnig í þessum efnum, að kappkosta að löggjöfin fylgi eðlilegri þróun samfélags og efnahagslífs og dagi ekki uppi sem marklaus bókstafur.

Félag atvinnurekenda hefur lagt áherzlu á að samhliða breyttu sölufyrirkomulagi, þar sem einkaaðilum er leyft að selja áfengi í smásölu, hvort heldur er með hefðbundnum hætti eða á netinu, verði bannið við áfengisauglýsingum afnumið, enda er það orðið orðin tóm og nær engan veginn tilgangi sínum. Um leið yrðu settar reglur um hvernig áfengisauglýsingar yrðu úr garði gerðar. FA hefur enn fremur lagt áherzlu á að samhliða þessum breytingum yrði ákvæðum laga um innheimtu áfengisgjalds breytt og má í því efni m.a. vísa til erindis félagsins til ráðuneytisins dags. 23. marz 2020 og fylgiskjals með því erindi.

Ósk um fund

FA óskar eftir fundi með ráðherra hið fyrsta til að ræða þessi mál og hvernig ýta má úr vör vinnu við heildarendurskoðun áfengislöggjafarinnar. Félagið óskar jafnframt svars við þessari beiðni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Árið 2022 kemur Félag atvinnurekenda inn á svarleysi dómsmálaráðuneytis í umsögn til Alþingis þann 22. mars 2022.

Í umsögninni segir

„FA hefur gert ítrekaðar tilraunir til að fá dómsmálaráðuneytið til að svara spurningum um lögmæti þeirra þriggja mismunandi útfærslna á vefverzlun sem litið hafa dagsins ljós. Í fyrsta lagi er um að ræða fyrirtæki með heimilisfesti á Íslandi, í öðru lagi vefverzlanir með staðfestu í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins og í þriðja lagi vefverzlanir með staðfestu í ríkjum utan EES, til dæmis Bretlandi. Í öllum tilvikum eru starfrækt vöruhús á Íslandi, sem vörur eru afhentar úr. Svör ráðuneytisins hefur mátt skilja svo að innlend vefverzlun sé óheimil að óbreyttum lögum, en ekki hafa verið gefin skýr svör varðandi önnur rekstrarform.“

Stjórnvöld hundsa leiðbeiningarskyldu á sínu málasviði

Eins og sjá má hefur Félag atvinnurekenda margoft kallað eftir leiðbeiningum frá ráðuneytum og ráðherra. Beiðnirnar voru hundsaðar og svör ekki gefin. Þannig var sýnd vanræksla og tómlæti.

Hér eru raktar helstu samskipti hvað þetta varðar:

Úr erindi FA til fjármála- og efnahagsráðuneytis 9. ágúst 2021.

„Svara við þessum spurningum er óskað innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa, enda eru umtalsverðir hagsmunir í húfi. Telji fjármála- og efnahagsráðuneytið önnur ráðuneyti betur til þess fallin að svara þessum einföldu spurningum mælist FA eindregið til þess að erindi þetta verði áframsent með hraði og afgreitt fljótt og vel. Eins og áður segir hafa félagsmenn FA áhuga á að taka þátt í þeirri samkeppni sem hafin er í netverzlun með áfengi, en telja mikilvægt að hafa vissu fyrir því að þeir starfi innan ramma laga og reglna og eigi ekki von á inngripum stjórnvalda.“

Úr erindi FA til fjármála- og efnahagsráðuneytis 25. ágúst 2021.

„Í þessu máli er sú afar sérkennilega staða uppi, eins og rakið var í fyrra erindi FA, að fjármála- og efnahagsráðherra segir að netverzlun með áfengi sé lögleg, en undirstofnun ráðuneytisins, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, er á öðru máli og hefur kært netverzlanir til löggæzlu- og skattayfirvalda. Jafnt fyrir ný fyrirtæki, sem vilja hasla sér völl á þessum markaði, og fyrir núverandi innflytjendur og framleiðendur áfengis, sem telja sér ekki annað fært en að bregðast við nýrri samkeppni, er óvissa í þessum efnum bagaleg.“

Hér skal fyrra erindi FA til ráðuneytisins ítrekað og farið fram á skýr svör við þeim spurningum, sem félagið hefur sett fram. Jafnframt er gerður sá fyrirvari, líkt og í fyrra erindi, að telji ráðuneytið sig einhverra hluta vegna ekki rétta stofnun innan stjórnslunnar til að svara þessum spurningum, geri það gangskör að því að áframsenda erindið og afla svara fljótt og vel til að tryggja öryggi og fyrirsjáanleika í viðskiptum. Ekki er úr vegi að minna ráðuneytið á 1. mgr. 7. gr. stjórnslulaga, um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, og 2. mgr. sömu greinar, um skyldu stjórnvalda til að áframsenda erindi svo fljótt sem unnt er.“

Úr erindi FA til dómsmálaráðuneytis 5. október 2021

„Hér skal þess getið til upprifjunar, að erindi FA til stjórnarráðsins fjallar um það sérkennilega óvissuástand, sem nú er uppi á áfengismarkaði. Brýnt er að ráðuneytið svari erindi í þágu öryggis og fyrirsjáanleika í viðskiptum.“

„Eins og bent hefur verið á í fyrri erindum til stjórnarráðsins er þetta óvissuástand óþolandi fyrir fyrirtæki sem starfa á áfengismarkaðnum eða horfa til þess að hasla sér þar völl.“

„Í upphaflegu erindi til fjármálaráðuneytisins 9. Ágúst var þess farið á leit að ráðuneytið svaraði spurningum FA um lögmæti netverzlunar með áfengi innan tveggja vikna, enda væru umtalsverðir hagsmunir í húfi. Dómsmálaráðuneytið hefur nú haft málið til meðferðar í fimm vikur án þess að nokkur svör hafi borizt. FA ítrekar að þetta ástand er afar bagalegt fyrir fyrirtæki sem starfa á áfengismarkaðnum eða hyggjast hefja netverzlun með áfengi. Að mati félagsins er útilokað að gefa þessum fyrirtækjum þau svör að þau verði að bíða niðurstöðu þeirra málaferla sem ÁTVR stendur nú fyrir, enda getað þau tekið einhver ár.

Ekki ætti að þurfa að minna ráðuneytið á þá ótvíræðu leiðbeiningarskyldu sem þar ber skv. 1. Mgr. 7. Gr. stjórnisýslulaga: „Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.“ „

„Svara við þessum spurningum er óskað innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa, enda eru umtalsverðir hagsmunir í húfi og áframhaldandi óvissa veldur hópi fyrirtækja æ meira tjóni. Eins og áður segir hafa félagsmenn FA áhuga á að taka þátt í þeirri samkeppni sem hafin er í netverzlun með áfengi, en telja mikilvægt að hafa vissu fyrir því að þeir starfi innan ramma laga og reglna og eigi ekki von á inngrípum stjórnvalda. Þeir eiga skýlausan rétt á leiðbeiningum ráðuneytisins.“

Úr erindi FA til dómsmálaráðuneytis 12. október 2021.

„Óvissan, sem þessi mál eru í, er einkar bagaleg fyrir félagsmenn FA, bæði þá sem hugsa sér til hreyfings á áfengismarkaðnum og þá sem hafa starfað þar um lengri tíma. Í því samhengi verður að ítreka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda þegar að því kemur að aðstoða borgarana við að átta sig á þeim almennu leikreglum sem gilda í samfélaginu. Þá verður að undirstrika að hér er ekki um það að ræða að verið sé að biðja ráðuneytið að leysa úr ágreiningi eða úrskurða um gildi laga gagnvart stjórnarskrá. Dæmi þess að stjórnvöld gefi út leiðbeiningar um gildi laga og hvernig borgararnir geti hagað sér innan ramma þeirra eru fjölmörg enda er slíkt í samræmi við góða og vandaða stjórnisýsluhætti. Að láta stórar atvinnugreinar vaða í reyk og svælu í lagalegri óvissu án þess að vísa þeim leið er hins vegar dæmi um hið gagnstæða.“

Úr erindi FA til dómsmálaráðuneytis 15. desember 2021.

„Óvissan, sem þessi mál eru í, er einkar bagaleg fyrir félagsmenn FA, bæði þá sem hugsa sér til hreyfings á áfengismarkaðnum og þá sem hafa starfað þar um lengri tíma. Í því samhengi verður að ítreka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda þegar að því kemur að aðstoða borgarana við að átta sig á þeim almennu leikreglum sem gilda í samfélaginu. Þá verður að undirstrika að hér er ekki um það að ræða að verið sé að biðja ráðuneytið að leysa úr ágreiningi eða úrskurða um gildi laga gagnvart stjórnarskrá. Dæmi þess að stjórnvöld gefi út leiðbeiningar um gildi laga og hvernig borgararnir geti hagað sér innan ramma þeirra eru fjölmörg enda er slíkt í samræmi við góða og vandaða stjórnisýsluhætti. Að láta stórar atvinnugreinar vaða í reyk og svælu í lagalegri óvissu án þess að vísa þeim leið er hins vegar dæmi um hið gagnstæða.“

Úr erindi FA til innanríkisráðherra Jóns Gunnarssonar 15. desember 2021.

„FA vísar jafnframt til svarbréfs síns frá 12. október sl., þar sem FA lýsti sig reiðubúið að taka þátt í slíkri heildarendurskoðun á lagarammanum um sölu, markaðsetningu og gjaldtöku af

áfengi ásamt ráðuneytinu og öðrum hagsmunaaðilum. Ekki hafa borizt viðbrögð frá ráðuneytinu við því erindi.“

„Þrátt fyrir ítrekaðar kærur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins (ÁTVR) hafa löggæzlu- og skattayfirvöld ekki gripið inn í þessa starfsemi.

Félagsmenn FA hafa sýnt því áhuga að starfrækja netverðlanir með áfengi. Sumir vegna þess að þeir telja nauðsynlegt að bregðast við þeirri samkeppni, sem felst í sölu áfengis á netinu, en aðrir hafa hug á að koma nýir inn á áfengismarkaðinn og sjá tækifæri í því að þurfa ekki að sæta flóknum reglum og skilmálum ÁTVR um hvernig koma megi vörum í sölu. Fyrirtækin hafa viljað fá vissu fyrir því að þau starfi innan ramma laga og reglna, ekki sízt vegna kæra og málshöfðana ÁTVR á hendur netverðlanum. FA sendi því fjármála- og dómsmálaráðuneyti ítrekaðar fyrirspurnir um lögmæti ofangreindra þriggja birtingarmynda netverðlunar (9. og 2. ágúst og 5. október sl.) en fékk einungis skýrt svar við einni spurningu í áðurnefndu bréfi ráðuneytisins frá 8. október; ráðuneytið telur samkvæmt því innlenda netverðlan ekki heimila að óbreyttum lögum.

Með áðurnefndu erindi 12. október sl. ítrekaði FA spurningar sínar og rökstuddi af hverju ráðuneytinu bæri skylda til að svara þeim, en hefur ekki fengið svör. „

„FA óskar eftir fundi með ráðherra hið fyrsta til að ræða þessi mál og hvernig ýta má úr vör vinnu við heildarendurskoðun áfengislöggjafarinnar. Félagið óskar jafnframt svars við þessari beiðni.“

Eina svarið sem Félag atvinnurekenda hefur fengið við margítrekuðum spurningum til ráðuneyta er **svarbréf dómsmálaráðuneytis frá 8. október 2021**. Þar segir m.a.

„Smásala áfengis er nú einungis heimil Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem hefur einkaleyfi til slíkrar starfsemi samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna og 1. mgr. 7 gr. laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Í síðastnefndum lögum er ítarlega fjallað um einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins ásamt hlutverki og verkefnum verslunarinnar. Er enn fremur skýrt markmið laganna að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættir lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð.“

„Að lokum tekur ráðuneytið fram að leiðbeiningarskylda þess nær almennt ekki til lögskýringa í tengslum við öll þau lagalegu álitæfni sem kunna að rísa á grundvelli laga sem undir ráðuneytið keyrir. Séu uppi vafaatriði um túlkun laga við afgreiðslu einstaka mála, sem eftir atvikum geta verið til meðferðar hjá viðeigandi eftirlitsstjórnvöldum, verða þau stjórnvöld sem um þau fjalla að taka afstöðu til þeirra og að endingu er það dómstóla að skera úr um ágreining sem kann að vera uppi.“

Að mati forvarnarsamtaka getur stjórnvald ekki skýlt sér á bak við að kæra ÁTVR hafi legið hjá lögreglu á þessum tíma og þess vegna komið sér undan því að svara síendurteknum og réttmætum spurningum Félags atvinnurekenda um lögmætið. Kæra ÁTVR á hendur netsölum snerist ekki um málefni einstaklings eða stjórnarskrá, sem hefði ef til vill réttlætt svarleysi ráðuneyta, heldur um almenna lagaramma og almennar leikreglur. Forvarnarsamtök eru sammála Félagi atvinnurekenda um að ráðuneytum bar skylda til þess að veita leiðbeiningar varðandi lögmæti þriggja útfærslna á

netverslun í samræmi við fyrirspurnir félagsins um almennan lagaramma og leikreglur fyrir stóra atvinnugrein. Það var ekki gert og er það ámælisvert.

Niðurlag

Forvarnarsamtökin vilja koma því á framfæri við nefndina að netsalan, eins og hún er stunduð á Íslandi, samræmist ekki þeim markmiðum sem sett voru í lýðheilsustefnu til ársins 2030 samþykkt á Alþingi 12. júní 2021, um að stjórnvöld hafi lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun og að Íslendingar verði meðal fremstu þjóða í lýðheilsustarfi sem byggist á bestu vísindapekkingu og reynslu. Netsalan er í andstöðu við markað lýðheilsustefnu og grefur undan þeim árangri sem Íslendingar hafa náð í forvörnum m.a. gagnvart börnum og ungmennum á síðustu árum. Þá er hún í andstöðu við leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að einkasala ríkja á áfengi sé ein besta forvörnin og hvetur stofnunin þau ríki sem hafa ekki einkasölu til þess að taka hana upp.

Í ofangreindum gögnum hefur m.a. verklag dómsmálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, varðandi fyrirkomulag netsölu áfengis á Íslandi, verið rakið. Forvarnarsamtökin telja gögnin sýna að ráðherrarnir hafi algerlega brugðist í alvarlegu og mikilvægu lýðheilsu- og samfélagsmáli. Þeir hafi stundað óeðlilega og óvandaða stjórnarhætti.

Virðingarfyllt,

Árni Einarsson, framkvæmdastjóri Fræðslu og forvarna-félags áhugafólks um forvarnir og heilsuefningu, Árni Guðmundsson, formaður Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum, Aðalsteinn Gunnarsson framkvæmdastjóri IOGT og Hildur Helga Gísladóttir, fulltrúi SAFF-Samstarfs félagasamtaka í forvörnum

Gögn (8 viðhengi):

Frumvarp dómsmálaráðherra í samráðsgátt 30.september 2024

<https://samradapi.island.is/api/Documents/47800226-397f-ef11-9bc6-005056bcce7e>

Bréf fengin frá dómsmálaráðuneyti á grunni aðkomu Úrskurðarnefndar um upplýsingamál (samtals 6 viðhengi)

Svarbréf innanríkisráðuneytis frá 4. desember 2015

Svar dómsmálaráðuneytis til forvarnarsamtaka um athafnaleysi ráðherra frá 22. apríl 2024